Námsáætlun Helgafellsskóla veturinn 2022 - 2023

Helgafellsskóli

Heiti verkefnis eða námsgreinar: Íslenska			
Árgangur:	**7. bekkur**	**Námsgreinar:**	**Íslenska**
Tímabil:	**september - janúar**	**Kennarar:**	**Katrín, Helga Lára og Berglind**

Lykilhæfni:

Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.

Sjálfstæði og samvinna

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum
- Gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.

Nýting miðla og upplýsinga

- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.

Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd. 2
- Skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í stærðfræði. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig gætu til dæmis óvönduð vinnubrögð, vanvirkni í hópastarfi, skortur á frumkvæði o.s.fr. haft áhrif á námsmat nemenda.

Hæfniviðmið námsgreina:

Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt

Lestur og bókmenntir

- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi

- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa

Ritun

- Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.

Málfræði

- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.

Lýsing verkefnisins og kennsluaðferðir:

Unnið er með margvísleg verkefni, bæði á rituðu máli og á tölvutæku formi.
Málfræðiverkefni eru unnin í bókinni Málrækt 3.
Lesskilningurinn er mikið til unnin á Skólavefnum og Vanda málið.

Námsgögn:

Málrækt 3
Litabækur - skólavefurinn
Verkefni á skólavefnum
Verkefni á mms.is
Vanda málið
Skrift 6

Námsmat/skil á verkefni:

- Einstaklings- og hópverkefni
- Símat
- Leiðsagnarmat

Helgafellsskóli